



Grunnskólinn í Stykkishólmi

Sjálfsmatsskýrsla og umbótaáætlun

Júní 2022

Gleði – Samvinna – Sjálfstæði



Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Efnisyfirlit..... | 1 |
| Inngangur | 2 |
| 1. Uppeldi, nám og kennsla | 4 |
| 2. Nemendur..... | 13 |
| 3. Aðstæður | 15 |
| 4. Skóli, samfélag og umhverfi | 18 |
| 5. Starfsfólk..... | 21 |
| 6. Skóla- og starfsþróun..... | 25 |
| 7. Samstarf skóla, íþróttá- og tómstundastarfs..... | 28 |
| Samantekt og lokaorð | 32 |
| Fylgiskjal 1 - Nemendakönnun | 33 |
| Fylgiskjal 2 - Starfsmannakönnun..... | 34 |

Inngangur

Í lögum um grunnskóla nr. 66/1995, með áorðnum breytingum, eru ákvæði þess efnis að sérhver skóli skuli innleiða aðferðir til að meta skólastarfið, samskipti innan skólans, kennslu- og stjórnunarhætti og tengsl við aðila utan skólans.

Stefna okkar er sú að skólamatið skili okkur upplýsingum, gögnum og niðurstöðum sem sýni okkur styrkleika og veikleika skólastarfsins. Á þeim grunni eru umbótaáætlunir unnar til þess að taka á veikleikunum og jafnframt styrkja í sessi það sem gott er.

Skólaárið 2021-2022 var skólinn tekinn út í ytra mati. Fulltrúar frá Menntamálastofnun sáu um úttektina. Í kjölfarið var unnin ítarleg umbótaáætlun sem unnið er eftir. Sjá má umbótaáætlunina á heimasíðu skólans.

Í veturnar var einnig farið í endurskoðun á skólastefnu Stykkishólmsbæjar. Hún mun líta dagsins ljós í lok júní.

Framtíðarsýn:

Markmið bæjarins er að eiga skóla og tómstundastarf sem einkennist af fjölbreyttu og skapandi starfi þar sem stöðugt er unnið að umbótum af metnaði. Vellíðan barna og starfsfólks, einstaklingsmiðað nám og góður námsárangur skal vera í fyrirrúmi. Þá skal efla samstarf innan og á milli skólanna, í æskulýðs- og íþróttastarfi, við samfélagið og heimilin. Áhersla er lögð á fagmennsku, góðar starfsaðstæður, gagnkvæma virðingu, jafnrétti, mannréttindi og lýðræðislega starfshætti.

Einkunnarorð Grunnskólans í Stykkishólmi eru Gleði – Samvinna – Sjálfstæði

Árið 2016 var samþykkt ný skólastefna fyrir Stykkishólmsbæ. Sjálfsmati skólans er gert skil út frá markmiðum skólastefnunnar. Því er skipt upp í 7 undirkatla, þá sömu og skólastefnan:

1. Uppeldi, nám og kennsla
2. Nemendur
3. Aðstæður
4. Skóli, samfélag og umhverfi
5. Starfsfólk
6. Skóla- og starfsþróun
7. Samstarf skóla, íþrótta- og tómstundastarfs

Skólinn nýtir sér fjölbreyttar aðferðir við gagnaöflun sjálfsmats. Hér fyrir neðan er tafla um þau gögn sem liggja til grundvallar í sjálfsmati skólans.

| Hvað | Hvenær | Hver/hvaðan | Nánar |
|---------------------------------|---------------|-----------------------------|---------------------------------------|
| Lestrarskimanir í öllum bekkjum | Allt árið | Grunnskólinn í Stykkishólmi | Sjá yfirlit yfir skimanir á heimasíðu |
| Nemendakönnun í 6. – 10. bekk | Tvisvar á ári | GSS/Skólapúlsinn | Sjá niðurstöður í fylgiskjali 1 |
| Starfsmannakönnun | Maí | Stjórnendur | Sjá niðurstöður í fylgiskjali 2 |

| | | | |
|-------------------|----------------------|-------------|--|
| Starfsmannasamtöl | September og febrúar | Stjórnendur | |
|-------------------|----------------------|-------------|--|

UPPELDI, NÁM OG KENNSLA

GRUNNSKÓLINN Í STYKKISHÓLMI

1. Uppeldi, nám og kennsla

Skólarnir í Stykkishólmsbæ starfa eftir hugmyndafræði skóla án aðgreiningar og leggja grunnþætti menntunar, eins og þeir eru skilgreindir í námskrá, (Aðalnámskrá grunnskóla 2008) til grundvallar í starfi sínu. Starfsfólk skólanna leggur áherslu á fjölbreyttar aðferðir og nálganir í skóla- og uppeldisstarfi til að auka líkur á að komið sé til móts við þarfir sem flestra barna. Lögð er áhersla á hollustu, hreyfingu og góðar starfsvenjur. Á næstu árum verður m.a. unnið að þessum verkefnum:



| Úr skólastefnu Stykkishólmsbæjar: | Sjálfsmat: | Umbætur: |
|---|---|---|
| Betur verði hugað að því að koma til móts við bráðgera nemendur, m.a. í samstarfi við FSN. | Engir nemendur stunduðu nám í Fjölbautaskóla Snæfellinga samhliða námi í GSS eins og svo oft áður. Stykkishólmsbær hefur komið til móts við bráðgera nemendur með því að greiða fyrir námsgögn þeirra nemenda sem hafa áhuga á að taka áfanga í Fjölbautskóla Snæfellinga. Mörg undanfarin ár hafa nemendur getað tekið áfanga í stærðfræði. Gott væri að geta boðið upp á fleiri fög. Haldnir voru fundir með kennurum og farið yfir nemendalistu til að kortleggja bráðgera nemendur. Voru niðurstöður fundanna á þá leið að ágætlega væri verið að koma til móts við þessa nemendur. | |
| Bókasafnsfræðsla verði eflað og safnið nýtt markvisst til náms, sem og þau sóknarfæri sem til verða þegar Amtsbókasafnið flytur í nýbygginguna við skólann. | Í vetur bauð forstöðumaður Amtsbókasafnsins upp á safnakennslu. | |
| Valgreinar verði eflar, einkum greinar sem fela í sér verklega þætti, sköpun og tengsl við samfélagið. Val verði einnig aukið í námi yngri barna. | Í vetur var í fyrsta skipti boðið upp á valið fjórðungaskipt. Það þýðir að val nemenda var mun fjölbreyttara en áður. Valgreinarnar voru: Fjallaganga, Leirvinna, Fataviðgerðir og breytingar, GSS fréttir og podcast, Heimasíðugerð og Canva, Manga, Yndislestur, Regnbogaland, Tómstundaval, Skólahreysti/Crossfit, Hnallþróurgerð, Fantasy draumadeildin, Grunnteikning, Þrívíddarþæfing, Íþróttatrafæði, Brauðbakstur, Skúlptúragerð, Rafíþróttir, Macramé, Ökunám, Badminton, Veggskreyting, Spilum saman og Spænska. | Á næsta skólaári verður þetta í vali: Tjómstundaval, Nemendaráð, Íþróttanefnd, Regnbogaland, Crossfit og Skólahreysti, 3D prentun, Hákarlar, Fjármálalæsi, Heimilisbakstur, Prjónar, Veggskreyting, Spænska 1, Mobility og slökun, Leirvinna, Rafíþróttir, Léttir réttir, Skólahlaðvarp, Skylmingar, Kvikmyndarýni, Kjaftað um kynlíf, Macramé, Íþróttatrafæði, Spænska 2, Stríðssaga, Brauðbakstur, Leiklist, Skapandi skrif, Íþróttir sem |

| | | |
|---|--|--|
| | | <p>byrja á B, Skólablað, Næringerfræði, Almenn tölvukunnáttta, Málverk, Spilum saman, Förðun, Boðið til veislu, Nýsköpun, Íþróttasálfræði, Minecraft, Útivera</p> <p>Á næsta skólaári verður val í boði á miðstigi.</p> |
| Kannaðir verði möguleikar á að koma á heildstæðum skóladegi, svo grunnskólanemendur geti lokið skóla- og heimanámi fyrir kl. 16.00 (að heimalestri undanskildum). | Búið er að vinna heimanámsstefnu. Ekki var boðið upp á heimanámsaðstoð í veturn vegna lélegrar nýtingar á síðasta skólaári, þrátt fyrir margar ítrekanir sem sendar voru einnig á foreldra/forráðamenn. | |
| Ráðist verði í að móta sameiginlega læsisstefnu sem taki til beggja skólastiga til að skapa samfelli og til allra námssviða og námsgreina (og sérstaklega til stærðfræðilæsис). | Ráðgjafi við gerð læsisstefnu frá Menntamálastofnun aðstoðaði grunnskólann og leikskólann við lokafrágang læsistefnunnar. Finna má stefnuna á heimasíðu skólanna. | |
| Áhersla verði lögð á að auka vitund nemenda um umhverfi og náttúru. | <p>Áætlun um átthagafræði er komin til framkvæmda og er í þróun.</p> <p>Hún er að megninu til kennd á vordögum. Nemendur fóru í fjölbreyttar ferðir um nærumhverfi sitt, m.a. í fjörur, á Berserkjagötu, í Skonsudal, á Drápuhlíðarfjall og upp að Kerlingu. Sjá heimasíðu</p> | |
| Unnið verði markvisst að því að bæta námsrárangur nemenda. | <p>Í skólastefnunni stendur að unnið sé markvisst að því að bæta námsrárangur nemenda. Stjórnendum þykir mikilvægt að það verði skýrt betur hvað felst í bættum námsrárangri. Markvisst hefur verið mældur árangur nemenda á sviði læsis og verður því gerð skil hér í skýrslunni. Þá fá allir nemendur mat á lykilhæfni í vitnisburði sínum. Í lok þessa skólaárs tók læsisteymið saman niðurstöður Lesferils og lagði mat á árangur vetrarins.</p> | <p>Læsisteymið byrjar skólaárið á því að rýna í niðurstöður Lesferils síðasta árs og leggja línur vetrar.</p> <p>Samstarf við bókasafnið aukið.</p> <p>Á næsta skólaári verður lögð áhersla á innleiðingu leiðsagnarmats á miðstigi og yngsta stigi. Við munum fá til okkar Nönnu Kristínu Christiansen og Hönnu</p> |


| | | |
|--|---|--|
| | <p>Greina má framfarir í lestrarárangri á undanförnum árum, sjá myndir hér að neðan.</p> <p>Í vetur var unnið með leiðsagnarmat á unglungastigi og lokið við innleiðingu þess. Það gekk mjög vel.</p> | Guðbjörgu Birgisdóttur til þess að leiða þá vinnu. |
|--|---|--|

Niðurstöður Lesferils fyrir Grunnskólann í Stykkishólmi veturn 2021-2022


September




Janúar



Máí



1.1. Ánægja af lestri – Ársmeðaltöl



Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólanum á milli ára í samanburði við þróunina á landinu í heild.

Mynd 1 ÁNÆGJA AF LESTRI: NEMENDUR Í 6. – 10. BEKK HAFA ÖRLÍTIÐ MEIRI ÁNÆGJU AF LESTRI EN VIÐMIÐUNARSKÓLAR

| Úr skólastefnu Stykkishólmsbæjar: | Sjálfsmat: | Umbætur: |
|---|--|---|
| Bæta þarf viðhorf nemenda gagnvart trú þeirra á eigin námsgetu, þrautseigju, sjálfstraust og virkni þeirra í kennslustundum | Á myndum 1 – 5 sést að trú nemenda á eigin námsgetu hefur farið upp á við sem og trú á eigin vinnubrögðum í námi. Nánari niðurstöður má sjá í fylgiskjali 1 | Áfram verði unnið með þessa þætti sérstaklega í skólastarfinu |


Mynd 2 og 3 TRÚ Á EIGIN NÁMSGETU HÆKKAR INNAN SKÓLAÁRSINS SEM OG TRÚ PEIRRÁ Á EIGIN VINNUBRÖGÐ Í NÁMI

1.6. Trú á eigin námsgetu – Innan skólaárs*




Myndin sýnir breytingar á niðurstöðu skólans á milli mánaða í samanburði við þróunina á landinu í heild.

1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi – Innan skólaárs*



Myndin sýnir breytingar á niðurstöðu skólans á milli mánaða í samanburði við þróunina á landinu í heild.


2.1. Sjálfsálit – Ársmeðaltöl



Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli ára í samanburði við þróunina á landinu í heild.

Mynd 4 SJÁLFSÁLIT NEMENDA HEFUR MINNKAÐ UM 1 STIG OG ER Á PARI VIÐ LANDSMEÐALTAL.

3.4. Virk þátttaka nemenda í tínum – Ársmeðaltöl



Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli ára í samanburði við þróunina á landinu í heild.

Mynd 5 VIRK ÞÁTTTAKA NEMENDA Í TÍMUM ER AFTUR KOMIN Á PAR VIÐ ÞAÐ SEM TÍÐKAST Í VIÐMIÐUNARSKÓLUM

| Úr skólastefnu Stykkishólmsbæjar: | Sjálfsmat: | Umbætur |
|--|--|---|
| <p>Aukin áhersla á einstaklingsmiðaðar kennsluaðferðir og leiðsagnarmat.</p> <p>Leitað verði leiða til að efla námsáhuga, m.a. með fjölbreyttum kennsluaðferðum, sjálfstæðum og skapandi verkefnum, upplýsingatækni, útinámi og öðrum viðfangsefnum sem bjálfa lykilhæfni.</p> | <p>Engir sérstakir prófadagar voru á skólaárinu. Nú vinnum við eftir leiðasagnarmati þar sem mat fer fram allt skólaárið. Þróunarstarf í breyttu námsmati með aukna áherslu á hæfniviðmið opnar möguleika á frekari samtali við nemendur og einstaklingsmiðaðri kennslu. Sú vinna er enn í þróun.</p> | |
| <p>Átak verði gert til frekari innleiðingar á upplýsingatækni í þágu náms og kennslu.</p> | <p>Skólinn býr yfir um 60 spjaldtölvum og 16 fartölvum. Unnið hefur verið að því að sambætta upplýsingatækni við aðrar námsgreinar.</p> | <p>Á komandi skólaári verður sér kennslustund í hverri viku fyrir upplýsingatækni. Það er undir kennaranum komið hvernig hann sambættir hana við aðrar greinar. Til stóð að skylt yrði að gefa námsmat í upplýsingatækni. Það náðist ekki en verður sett á dagskrá á næsta skólaári.</p> <p>Þá verða fartölvar nemenda endurnýjaðar að hluta.</p> |
| <p>Stefnt verði að fjölbreyttara starfi fyrir nemendur í heilsdagsskólanum og starfinu sett markmið og starfsrammi í samræmi við skólastefnu Stykkishólmsbæjar. Þá verði stefnt að því að ráða faglærðan starfsmann til að stýra starfinu.</p> | <p>Haldið var áfram að þróun í Regnbogalandi með fjölbreyttu tómstundastarfi og göngutúrum. Regnbogaland fékk stærra rými en áður og hafði það jákvæð áhrif á starfið. Umsjónarmaður Regnbogalands verður áfram næsta skólavetur og standa vonir til þess að enn meiri framþróun verði þar á næsta skólaári.</p> | <p>Áframhaldandi þróun.</p> |
| <p>Stefnt verði að því að ráða menntaðan sérkennara eða þroskaþjálfa að skólanum og unnið verði að betri samfellu í námi nemenda sem fá</p> | <p>Á dögunum var ráðinn þroskaþjálfi við skólann í 100% stöðu og mun viðkomandi verða í deildarstjórastöðu stoðþjónustu</p> | |

| | | |
|--|---|--|
| sérkennslu. | | |
| Byggð verði upp öflug tónmenntakennsla við Grunnskólann, hvort tveggja sem skyldunám og sem valgrein á unglungastigi (t.d. hljómsveitarval). | <p>Síðasta skólaár voru nemendur í 1. – 5. bekk einn tíma í viku í tónmenntakennslu.</p> <p>Unnið hefur verið að því að skilgreina hæfniviðmið fyrir tónmennt í skólanámskrá og auka tækjakost skólans á þessu sviði.</p> <p>Á unglungastigi er hægt að fá bæði tónlistarnám metið og þáttöku í hljómsveit og lúðrasveit.</p> | |
| Námsráðgjöf verði eflid | <p>Ekki náðist að ráða í stöðu Náms- og starfsráðgjafa hjá Félags- og skólapjónustu Snæfellinga. Um mitt skólaár var ráðinn starfsmaður í 20% stöðu til þess að þjóna öllum grunnskólunum á Snæfellsnesi.</p> | |

NEMENDUR

GRUNNSKÓLINN Í STYKKISHÓLMI

2. Nemendur

Áfram verði lögð áhersla á vellíðan nemenda, góð samskipti og jákvæðan skólabrag. Á næstu árum verði unnið að því að þeir taki meiri þátt í ákvörðunum um skólastarfið en verið hefur. Leiðir að þessu eru meðal annars þær sem hér greinir:

| Úr skólastefnu Stykkishólmsbæjar: | Sjálfsmat: |
|---|--|
| Aukin áhersla á að hlusta á raddir nemenda og hafa þá með í ráðum um nám og skólastarf. Nefna má eftirfarandi leiðir: <ul style="list-style-type: none">• Haldin verði árleg nemendaþing, lýðræðisþing, þar sem nemendur fjalla um málefni sem þá varða.• Nemendur hafi hönd í bagga varðandi skólastofur og annað námsuhverfi.• Nemendur taka þátt í að setja bekkjar- og skólareglur. | Lýðræðisþing nemenda var haldið á vordögum. Niðurstöður þess munu verða nýttar til úrbóta. |

AÐSTÆÐUR

GRUNNSKÓLINN Í STYKKISHÓLMI

3. Aðstæður

Mörg verkefni eru fram undan hvað varðar húsnæðismál, búnað og aðstöðu. Áríðandi er að nýta vel þau sóknarfæri sem skapast þegar bygging undir bókasafn rís við Grunnskólann. Raða þarf eftirfarandi umbótaverkefnum í forgangsröð:

| Úr skólastefnu Stykkishólmsbæjar: | Sjálfsmat: | Umbætur |
|---|---|---|
| Skapa þarf heilsdagsskóla betri aðstæður (finna honum „eigið“ húsnæði). | Ákveðið var að gefa Regnbogalandi eigið rými til afnota næsta skólaár. Rýmið sem þau fá til umráða er niðri í kjallara þar sem áður var myndmenntastofa. | Rýmið verður tekið í gegn og sett ný gólfefni, málað og settar upp nýjar hirslur. |
| Nemendum á unglingsastigi verði búið sveigjanlegt húsnæði í kjölfar byggingar bókasfnshúss. | Nemendur unglingsastigs hafa nýtt sér vinnusvæði á bókasafninu í sjálfstæðri verkefnavinnu. Þá hefur rýmið sem boríð hefur nafnið Ljósmyndasalur verið nýtt sem kennslurými. | Gera þarf umbætur á rýminu og bæta ljós, hljóðvist, setja hurð og opnanleg fög í glugga. |
| Áfram verði unnið að því að bæta tölvukost, innra net og tölvuþjónustu. | Unnið hefur verið að því að bæta nettengingu skólans með ljósleiðara en það er ekki komið í höfn. Með nýjum samningi milli kennara skólans og bærarstjórnar hafa árlega nokkrir kennrar tök á að fá styrk til tölvukaupa í stað þess að fá tölvu frá vinnustaðnum. Þeir sem hafa gert það láta vel af þessari breytingu. Áætlunin gerir ráð fyrir að kennrar geti fengið styrkinn á fjögurra ára fresti. | Unnið verður eftir áætlun um endurnýjun tækjakosts |
| Ráðist verði í nauðsynlegar lagfæringar á útileiksvæðum og leiktæki endurnýjuð. | Framkvæmdir við skólalóðina hófust í júní 2019. Það sumar voru gerð jarðvegsskipti á stórum hluta skólalóðarinnar og bílastæði endurnýjuð. | Í veturnar var bætt við nýjum og glæsilegum körfuboltavelli. Það á þó eftir að setja hita í gólfvið á honum svo hægt sé að spila yfir vetrartímann. |
| Bæta þarf námsaðstæður nemenda á unglingsastigi. | Nemendur á unglingsastigi hafa ásamt öðrum nemendum getað nýtt sér skrifborðsrými bókasafnsins til sjálfstæðrar vinnu. | Næsta skólaár verða nemendur á unglingsastigi í þremur samliggjandi stofum sem hægt er að opna á milli ásamt því að hafa til afnota Stykkið. |
| Koma þarf upp tónmenntastofu í Grunnskólunum. | Í veturnar kenndi deildarstjóri tónlistarskólans tónmennt. Hann mun ekki gera það á næsta ári. | |

| | | |
|--|--|---|
| Bæta þarf aðstöðu fyrir heimilisfræði. | | Enn er ekki búið að endurnýja heimilisfræðistofuna þrátt fyrir að hún hafi verið á áætlun 2022. |
| Koma þarf upp náttúrufræðistofu. | | Verið er að skoða hugmyndir um að við endurnýjun heimilisfræðistofu verði tekið mið af því að hún gæti einnig verið náttúrufræðistofa. Það er þó enn á hugmyndastigi. |

SKÓLI, SAMFÉLAG OG UMHVERFI

GRUNNSKÓLINN Í STYKKISHÓLMI

4. Skóli, samfélag og umhverfi

Eitt af forgangsverkefnum nýrrar skólastefnu er aukin áhersla á að tengja nám og samfélag (tenging við daglegt líf, atvinnulíf, náttúru og umhverfi, starfsnám, heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir, vinnustaði og söfn, náttúruskoðun). Þá verði skipulega unnið að því að gera skólastarfið sýnilegra.

| Úr skólastefnu Stykkishólmsbæjar: | Sjálfsmat: | Umbætur: |
|---|---|---|
| Rækt verði lögð við að efla þekkingu og skilning nemenda á sögu og umhverfi Stykkishólms; atvinnulífi, mannlífi og náttúru. | Áætlun um átthagafræði er komin til framkvæmda og er í þróun. | |
| Leitast verði við að tengja skólastarf viðburðum í bænum (t.d. friðargöngu, áramótabrennu, sjómannadag og 17. júní). | Nemendur 9. bekkjar taka þátt í friðargöngu með því að selja kyndla, kakó og meðlæti. Á Dönskum dögum hafa nemendur 9. bekkjar selt inn í fjárlöfunarskyni. Þá hafa nemendur tekið þátt í Júlíónhátíð og Norðurljósahátíðinni. Í veturn æfðu nemendur lög fyrir þrettándabrennu og öskudagsskemmtun. Sjómannadagurinn og 17. júní eru hins vegar eftir skólaslit og því erfitt að koma því við að þau taki þátt í þeim dögum að tilstuðlan skóla. | |
| Kynning á skólastarfinu í Stykkishólmi verði aukin og starfið gert sýnilegra. | Eftir að Stykkishólmsþósturinn hætti varð erfitt að birta fréttir á prenti. Reynt var að efla heimasíðu skólans með því að setja inn fleiri fréttir og kennarar beðnir um að vísa í síðuna í undirritun sinni í tölvupósti. Í veturn var starfið kynnt í lifandi vikupóstum sem unnir voru í Canva. Þá var síða skólans á Facebook efld og nýtt betur og búin til ný síða á Instagram. | |
| Heimasíður verði reglulega uppfærðar og áhersla lögð á að veita innsýn í innra starf skólanna og tómstundastarfsins. Skólastarf verði sýnilegra á heimasíðu Stykkishólms. Séð verði til þess að skóla- og tómstundastarfið sé reglulega til umfjöllunar á | Á heimasíðu grunnskólans hafa reglulega verið settar inn fréttir og mörgum undirsíðum bætt við með fjölbreyttu efni um starfsemi skólans. Á heimasíðu bæjarins er flipi sem heitir Skólar. Þar getur fólk komist beint inn á heimasíðu skólans. Á forsíðu bæjarins eru fréttir og tilkynningar sem eru beintengdar við heimasíður stofnana bæjarins, m.a. grunnskólans. | Á næsta skólaári verður tekin í notkun ný heimasíða sem unnin er af Stefnu ehf. |

| | | |
|--|---|--|
| heimasíðu bæjarins og viðburðir kynntir. | | |
| Starfskynningar verði fastur liður í skólastarfinu. | | |
| Pess sé gætt að verkefni sem snerta sjálfbærni og umhverfisvernd skipi fastan sess í skólastarfinu. | Nemendur fóru um allan Stykkishólmsbæ og tíndu rusl í umhverfisviku skólans á vordögum. Efla má sjálfbærni- og umhverfisvitund nemenda enn betur. | Leitast verður eftir að bæta við atriðum er varða sjálfbærni og umhverfisvernd við áætlun um átthagafræði. |
| Samstarf við foreldra og heimili verði eflt og aukin áhersla lögð á þátttöku foreldra í starfinu (einnig að foreldrar kynni störf sín og taki þátt í þemadögum). | Foreldrum var boðið til samtals tvísvar yfir veturinn. Gott samstarf hefur verið við foreldrafélagið í vetur. Stjórnendur hafa gætt þess að taka foreldrum fagnandi hvort sem heimsókn þeirra stafar af ánægju með starfið eða vegna þess að úrbóta er þörf á einhverju sviði. | |
| Stefnt er að auknu samstarfi skólabarnanna og eldri borgara, m.a. með verkefnum þar sem kynslóðirnar hittast og miðla og kenna hvor annari. | Samstarf skólabarna og eldri borgara hefur verið hefðbundið. | Bætt verður við áætlun um átthagafræði að hitta heimilisfólk á Dvalarheimilinu |
| Verk barnanna verði til sýnis á fjölförnum stöðum í bænum. | Í vetur voru sýningar settar upp í glugga Skipavíkurverslunar | Hugmyndir eru uppi um að setja upp sýningar í Íþróttamiðstöðinni, Vatnasafninu eða Stykkishólmssirkju. |

STARFSFÓLK

GRUNNSKÓLINN Í STYKKISHÓLMI

5. Starfsfólk


Stykkishólmsbær vill eiga á að skipa vel menntuðu, áhugasömu og metnaðarfullu starfsfólki, bæði körlum og konum, sem setur fagleg sjónarmið á oddinn í starfi sínu. Kostað skal kapps um að búa því sem best starfsskilyrði og veita því góð tækifæri til stöðugrar starfsþróunar. Á næstu árum verður sérstök áhersla lögð á þessi atriði:

| Úr skólastefnu Stykkishólmsbæjar: | Sjálfsmat: | Umbætur |
|--|--|---------|
| Sveitarfélagið leggi sitt af mörkum til að laða að menntað starfsfólk. Hér þarf að horfa til kynjahlutfalls við ráðningu | Af níu stuðningsfulltrúum eru sex búnir með stuðningsfulltrúanám, sambærilegt nám eða meira nám. Átta eru konur og einn karlmaður Í veturn voru kennarar annað hvort með réttindi eða í námi. Tuttugu og fimm kennarar kenndu við skólann í ár og var kynjahlutfallið tuttugu konur og fimm karlmenn. Skólastjóri er með meistaragráðu í stjórnun og aðstoðarskólastjóri er ? Þrír skólaliðar eru í þrifum og eru þær allar konur. Fjórir skólaliðar eru í Regnbogalandi og eru þær allar konur. | |
| Lýðræðisleg vinnubrögð verði höfð að leiðarljósi og ábyrgð dreift. | Stjórnendur hafa reynt að beita lýðræðislegum vinnubrögðum eftir því sem unnt er. Í starfsmannakönnun (sjá fylgiskjal 2) var spurt um lýðræðisleg vinnubrögð. Sjá mynd 7 | |

16. Telurðu að viðhöfð séu lýðræðisleg vinnubrögð? (0 point)

[More Details](#)

- | | |
|-----------------------|----|
| Að miklu leyti | 8 |
| Að frekar miklu leyti | 12 |
| Að lítu leyti | 2 |
| Að mjög lítu leyti | 0 |
| Vélt ekki | 2 |



17. Telurðu að ábyrgð er dreift? (0 point)

[More Details](#)

- | | |
|--------------------|----|
| Að miklu leyti | 3 |
| Að nokru leyti | 18 |
| Að lítu leyti | 1 |
| Að mjög lítu leyti | 0 |
| Vélt ekki | 2 |



Mynd 7 TELURÐU AÐ VIÐHÖFÐ SÉU LÝÐRÆÐISLEG VINNUBRÖGÐ? MIKILL MEIRI HLUTI SVARENDΑ TELJA AÐ MIKLU EÐA NOKKRU LEYTI SÉ SVO SVO.

| Úr skólastefnu Stykkishólmsbæjar: | Sjálfsmat: | Umbærur: |
|--|--|---|
| Markvisst þarf að vinna að því að skapa og viðhalda góðum starfsanda og sterkri liðsheild. | <p>Spurt var um starfsanda í starfsmannasamtölum og voru svörin mjög jákvæð, m.a. að starfsandinn fari batnandi.</p> <p>Starfsmannakönnun (sjá fylgiskjal 2) var einnig spurt út í starfsanda og liðsheild. Sjá mynd 8</p> | <p>Stjórnendur hafa unnið markvisst að eftirfarandi markmiðum:</p> <ul style="list-style-type: none">• Upplýsingagjöf• Gott samstarf við trúnaðarmenn• Inna starfsmenn eftir skoðunum þeirra• Markviss starfsmannasamtöl• Endurskoðun á skólastefnunni• Endurskoðun á agastefnu skólans• Bæta starfsmannaðstöðu svo sem salerni og kaffistofu |

- Stutt við starfsmannafélagið UMBÓ
- Ekki eins löng bundin viðvera og í mörgum öðrum skólum
- Gefum út að fólk lesi ekki tölvupóstinn sinn um helgar

[Review answers](#)

[Post scores](#)

[Open in Excel](#) ...

1. Hvernig vinnustaður myndir þú segja að Grunnskólinn í Stykkishólmi væri? (0 point)

[More Details](#)


| | |
|-----------------|----|
| ● Mjög góður | 10 |
| ● Frekar góður | 13 |
| ● Hvorki né | 0 |
| ● Frekar slæmur | 0 |
| ● Mjög slæmur | 1 |



2. Hvernig finnst þér starfsandinn í skólanum? (0 point)

[More Details](#)

| | |
|-----------------|----|
| ● Mjög góður | 8 |
| ● Frekar góður | 15 |
| ● Hvorki né | 0 |
| ● Frekar slæmur | 0 |
| ● Mjög slæmur | 1 |



Mynd 8 HVERNIG FINNST ÞÉR STARFSANDINN Í SKÓLANUM? SVARENDUR VORU MJÖG BEGGJA BLANDS HVORT STARFSANDINN SÉ GÓÐUR EÐA PUNGUR. PÁ FINNST MIKLUM MEIRIHLUTA LIÐSHEILDIN VERA FREKAR LÍTIL EÐA HVORKI MIKIL EÐA LÍTIL.

SKÓLA OG STARFSÞRÓUN

GRUNNSKÓLINN Í STYKKISHÓLMI

6. Skóla- og starfsbróun

Mikilvægt er að stöðugt sé unnið að umbótum í skóla- og tómstundastarfi. Á næstu árum er stefnt að því að innra mat og skólanámskrárgerð verði eðlilegur og fastur liður í starfinu. Kapp verður lagt á að hafa nemendur og foreldra meira með í ráðum. Meðal áhersluþátta eru þessir:

| Úr skólastefnu Stykkishólmsbæjar: | Sjálfsmat: | |
|---|---|---|
| Niðurstöður kannana og samræmdra prófa verða nýttar með markvissum hætti. | <p>Við höfum nýtt okkur niðurstöður Lesfimi sem eru skimunarpróf á vegum Menntamálastofnunar og ætlum okkur að gera það í æ ríkara mæli á komandi árum.</p> <p>Undanfarin ár höfum við nýtt okkur niðurstöður samræmdra könnunarprófa og var það gert á hefðbundinn hátt í ár.</p> | Áfram verði niðurstöðurnar nýttar. |
| Skólanámskrárgerð verði eflað og innra mat gert að reglulegum þætti í starfinu. | <p>Búið er að ljúka við vinnu um hæfniviðmið.</p> <p>Sjálfsmat skólans er í mikilli þróun og er framsetning sjálfsmatsskýrlunnar dæmi um það. Stjórnendur vinna sjálfsmatið í teymi sín á milli og sjá mikla möguleika í að nýta niðurstöðurnar til umbóta.</p> | Unnið verði eftir hæfniviðmiðum í öllum greinum og á öllum skólastigum. |
| Símenntun verði eflað, meðal annars með því að hvetja betur til endurmenntunar, kynna enn betur fyrir starfsfólki möguleika á leiðum og styrkjum til endurmenntunar og með aukinni áherslu á að kennarar og annað starfsfólk skólanna miðli öðrum af endurmenntun sinni, m.a. á sameiginlegum skipulagsdögum. | <p>Síðustu fjögur ár hefur verið unnið markvisst að því að gera hlut endurmenntunar stærri og vinna eins og kjarasamningar segja til um. Unnar hafa verið starfsþróunaráætlanir. Á heimasíðu skólans má sjá áætlun fyrir skólaárið 2022-2023.</p> <p>Skil kennara á endurmenntun gekk mjög vel núna í vor.</p> <p>Í veturnar var gert skipulag fyrir Fræðandi fimmtudaga. Það riðlaðist að einhverju leyti bæði vegna þess að fyrirlesarar komust ekki sem og vegna COVID-19. Þá var í boði fyrir kennara að fara í skiptatímaheimsóknir sem enginn nýtti sér. Nokkrum sinnum í veturnar var kennaraspjall í boði þar sem kennarar ræddu málefni líðandi stundar.</p> | |
| Starfsfólk eigi kost á reglulegum kynnisferðum í aðra skóla. | Sjá fyrri lið. | |

| | | |
|--|--|--|
| <p>Stefnt verði í átt að aukinni samvinnu kennara m.a. með því að efla teymiskennslu.</p> | <p>Í veturnar voru nokkur teymi starfandi í skólanum. T.d. voru tveir kennarar í 1. bekk og tveir kennarar í 5. bekk. Þá voru teymi sem kenndu sköpun bæði á yngsta stigi og á miðstigi.</p> | <p>Á næsta skólaári verðum við með stuðningskennara í 1. - 8. bekk. Þannig myndum við teymi og er ætlunin að fá stuðningsfulltrúa eins mikil að borðinu og hægt er. T.d. eiga öll teymi að finna fundartíma einu sinni í viku með stuðningsfulltrúa.</p> |
| <p>Skólaþróunarstarf verði eftt með þeim hætti að skólarnir beri sig reglulega eftir styrkjum til þróunarverkefna, gjarnan í samvinnu.</p> | <p>Sótt var um styrk í Endurmenntunarsjóð grunnskóla fyrir Verkfærakistunni og Leiðsagnarnám og fékkst styrkur til beggja verkefna. Þá var sótt um styrk í Mannauðssjóðinn Samflot og fékkst styrkur fyrir almennt starfsfólk vegna Verkfærakistunnar.</p> | <p>Lokahnykkur námskeiðs í Verkfærakistunni verður þegar Vanda Sigurgeirs dóttir mun koma á skipulagsdögum í ágúst. Þá munum við verða með námskeið og eftirfylgni allan næsta veturnar í umsjá Nönnu Kristínar Christiansen og Hönnu Guðbjargar Birgisdóttur skólastjóra í Álftamýrarskóla.</p> |

SAMSTARF SKÓLA, ÍÐRÓTTA- OG TÓMSTUNDASTARFS

GRUNNSKÓLINN Í STYKKISHÓLMI

7. Samstarf skóla, íþróttá- og tómstundastarf

Á næstu fimm árum verður skipulega unnið að því að efla samstarf skólanna innbyrðis sem og við þá sem vinna að tómstunda-, íþróttá- og æskulýðsstarfi. Þá verði leitað eftir auknu samstarfi við aðra skóla á Snæfellsnesi. Nýtt verði þau sóknarfæri sem fólgin eru í virkri, sameiginlegri skólastefnu. Helstu verkefni verði þessi:

| Úr skólastefnu Stykkishólmsbæjar: | Sjálfsmat: | Umbætur: |
|---|---|---|
| <ul style="list-style-type: none"> Fjöldað verði gagnkvæmum heimsóknum skólabarnanna. Hugað verði að sameiginlegu starfi, svo sem sameiginlegum þemadögum (sjá dæmi um þemu í kaflanum Skóli, samfélag og umhverfi), söngstundum, leiksýningum, sýningum, hljóMLEIKUM, íþróttadegi eða vorhátíð. Gerð verði sameiginleg stundatafla fyrir grunnskóla, tónlistarskóla og íþróttá- og tómstundastarf. Á næstu fimm árum verði efnt til a.m.k. eins samvinnuverkefnis á sviði skólapróunar. | <p>Undanfarin ár hafa verið gagnkvæmar heimsóknir hjá elstu börnum leikskólans og 1. bekk grunnskólans. Það hélt áfram í veturn. Þá heimsótti hópur af grunnskólabörnum leikskólann þegar danskennsla var í gangi. Nemendur grunnskólans aðstoðuðu nemendur leikskólans í danskennslu og á danssýningu sem haldin var í lok kennslunnar.</p> <p>Næsta veturn verður nemendum í 1. og 2. bekk boðið upp á forskóla tónlistarskólans á skólatíma grunnskólans.</p> | <p>Fyrir næsta skólaár verður samstarf á milli grunnskólans, tónlistarskólans og Snæfells um gerð stundataflna.</p> |
| Samstarf við skóla í öðrum sveitarfélögum verði enn eflt, einkum við skólana á Snæfellsnesi. | <p>Reglulegir fundir voru í veturn með grunnskólunum á Snæfellsnesi. Þar var farið yfir mál líðandi stundar. Þá höfum við í æ ríkari mæli unnið saman að ýmsum áætlunum með því að tilnefna einn fulltrúa úr hverjum skóla. Í veturn var lögð lokahönd á stefnu grunnskólanna á Snæfellsnesi um líkamleg inngríp og unnin móttökuaætlun vegna nemenda með sérþarfir. Hist var oftast á Teams vegna Covid.</p> <p>Fundað var tvísvar með stjórnendum Fjölbautaskóla Snæfellilnga og skipst á</p> | |

| | | |
|--|---|--|
| | upplýsingum og komið sér saman um t.d. framhaldsskólahermi þar sem nemendur 10. bekkjar fá að fara í Fjölbautaskóla Snæfellinga og upplifa einn skóladag. | |
| <ul style="list-style-type: none"> Samstarf skóla- og tómstundastarfs verði fellt í ákveðið form: Skipað verði samstarfsteymi fulltrúa allra skólanna til að samhæfa samstarfsverkefni. Einnig verði leitað eftir samráði og samstarfi við fulltrúa íþrótt- og tómstundastarfs þegar um er að ræða viðburði sem tengjast þeim vettvangi (eineltismál, fræðsla um kynferðisofbeldi, forvarnarverkefni). Samstarfsteymið undirbýr einnig sameiginleg skólaþróunarverkefni. Efnt verði til reglulegra samráðsfunda starfsfólks skólanna og þeirra sem vinna að tómstundamálum. Einnig verði hugað að menntabúðum þvert á skóla. | <p>Stjórnendur skólanna hafa hist á reglulegum fundum í vetur og hefur bæjarstjóri setið nokkra af þeim og æskulýðs- og tómstundafulltrúi kom á einn fund. Segja má að stjórnendur skipi að einhverju leyti það teymi sem hér er kallað eftir.</p> <p>Stjórnendur Grunnskólans í Stykkishólmi og æskulýðs- og tómstundafulltrúi hafa hist á fundum annað slagið í vetur. Æskulýðs- og tómstundafulltrúi ásamt forstöðumanni íþróttamiðstöðvar voru hluti af samskiptateymi skólans en þar er fjallað um samskiptavanda milli nemenda svo sem einelti.</p> | Stefnt er að því að æskulýðs- og tómstundafulltrúi ásamt forstöðumanni amtsbókasafns sitji fundina á næsta skólaári. |
| <p>Skólarnir móti sér sameiginlega stefnur og áætlanir:</p> <ul style="list-style-type: none"> Læsisstefna sem tekur til beggja skólastiga, allra námssviða og námsgreina. Sérkennslustefna Móttökuáætlun nemenda af erlendum uppruna. Sameiginleg uppeldisstefna | Búið er að búið að klára sameiginlega læsisstefnu Grunnskólans í Stykkishólmi og Leikskólans í Stykkishólmi. | Forvarnastefna fyrir Stykkishólmsbæ er í vinnslu. |

- Forvarnar- og líðheilsustefna

Lokaorð

Þessi sjálfsmatsvinna hefur verið upplýsandi fyrir okkur stjórnendur og bindum við vonir við að hún nýtist skólanum sem og öllu skólasamféluginu. Skýrslan verður kynnt fyrir öllu starfsfólki á fyrsta starfsmannafundi á næsta skólaári. Hún verður kynnt skóla- og fræðslunefnd í haust og jafnframt skólaráði. Einnig kemur til greina að kynna hana fyrir nemendum unglungastigis. Þá mun hún verða okkur til áminningar í viðleitni okkar til áframhaldandi umbóta í skólastarfinu. Einnig höfum við hug á að þróa sjálfsmatsaðferðir okkar enn frekar sem og framsetningu á niðurstöðum. Við stjórnendur höfum lagt okkur fram við vinnslu þessarar sjálfsmatsskýrslu og teljum að hún sé mikilvægur hlekkur í faglegum vinnubrögðum, bættum námsárangri nemenda og vellíðan nemenda og starfsfólks.

Berglind Axelsdóttir

Þóra Margrét Birgisdóttir

Fylgiskjal 1 - Nemendakönnun

1. Virkni nemenda í skólanum

| Matsþættir ↑↓ | Niðurstaða | N | Breyting | Landið | N | Mismunur |
|------------------------------------|------------|-----|----------|--------|--------|----------|
| 1.1. Ánægja af lestri | 4,6 | 116 | -0,1 | 4,4 | 16.560 | 0,2 |
| 1.2. Þrautseigja í námi | 4,0 | 123 | -0,1 | 4,5 | 16.652 | -0,5* |
| 1.3. Áhugi á stærðfræði | 4,5 | 123 | -0,1 | 4,8 | 16.891 | -0,3* |
| 1.4. Ánægja af náttúrufræði | 4,3 | 122 | -0,1 | 4,5 | 16.877 | -0,2 |
| 1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi | 4,0 | 122 | -0,3 | 4,4 | 16.645 | -0,4* |
| 1.6. Trú á eigin námsgetu | 4,3 | 121 | - | 4,9 | 16.854 | -0,6* |

2. Líðan og heilsa

| Matsþættir ↑↓ | Niðurstaða | N | Breyting | Landið | N | Mismunur |
|--|------------|--------|----------|--------|------------|----------|
| 2.1. Sjálfsálit | 4,1 | 122 | -0,1 | 4,3 | 16.581 | -0,2 |
| 2.2. Stjórn á eigin lífi | 4,0 | 121 | -0,1 | 4,3 | 16.537 | -0,3* |
| 2.3. Velliðan | 4,4 | 121 | 0,2 | 4,3 | 16.732 | 0,1 |
| 2.4. Áhyggjur og stress - ástæður | - | 32 | - | - | - | - |
| 2.5. Einelti | 5,7 | 121 | -0,3 | 5,6 | 16.708 | 0,0 |
| 2.6. Tiðni eineltis | 14,0% | 17/121 | -0,2% | 14,6% | 2505/16639 | -0,6% |
| 2.7. Staðir eineltis | - | 16 | - | - | - | - |
| 2.8. Tiðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar | 41,7% | 50/120 | 5,3% | 44,4% | 7254/16290 | -2,7% |
| 2.9. Holtt mataraði | 4,6 | 121 | 0,4 | 4,6 | 16.431 | 0,0 |

3. Skóla- og bekkjarandi

| Matsþættir ↑↓ | Niðurstaða | N | Breyting | Landið | N | Mismunur |
|------------------------------------|------------|-----|----------|--------|--------|----------|
| 3.1. Samsömun við nemendahópinn | 4,7 | 122 | -0,1 | 4,8 | 16.405 | -0,1 |
| 3.2. Samband nemenda við kennara | 5,0 | 121 | -0,3 | 4,8 | 16.613 | 0,2* |
| 3.3. Agi í tímum | 4,8 | 120 | -0,2 | 4,9 | 16.595 | -0,1 |
| 3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum | 4,9 | 120 | -0,6 | 4,9 | 16.552 | 0,0 |
| 3.5. Tiðni leiðsagnarmats | 4,7 | 121 | -0,5 | 4,9 | 16.550 | -0,2 |

Fylgiskjal 2 - Starfsmannakönnun

Review answers Post scores Open in Excel ...

1. Hvernig vinnustaður myndir þú segja að Grunnskólinn í Stykkishólmi vært? (0 point)

More Details


| | |
|---------------|----|
| Mjög góður | 10 |
| Frekar góður | 13 |
| Hvorki né | 0 |
| Frekar slæmur | 0 |
| Mjög slæmur | 1 |



2. Hvernig finnst þér starfsandinn í skólanum? (0 point)

More Details

| | |
|---------------|----|
| Mjög góður | 8 |
| Frekar góður | 15 |
| Hvorki né | 0 |
| Frekar slæmur | 0 |
| Mjög slæmur | 1 |



3. Finnst þér vera mikil eða lítil liðsheild í skólanum? (0 point)

More Details Insights

| | |
|---------------------------------|----|
| Mjög mikil liðsheild | 7 |
| Frekar mikil liðsheild | 11 |
| Hvorki mikil né lítil liðsheild | 5 |
| Frekar lítil liðsheild | 0 |
| Mjög lítil liðsheild | 1 |



4. Hversu vel telur þú að rekstraraðilar skólans (þ.e. sveitafélagið) sinni málefnum hans? (0 point)

More Details

| | |
|-------------------|---|
| Mjög vel | 0 |
| Frekar vel | 8 |
| Hvorki vel né ita | 8 |
| Frekar ita | 6 |
| Mjög ita | 2 |



5. Hvert er álit almennings á skólanum að þínum dómi? (0 point)

[More Details](#)

- Hann er í góðu álit 2
- Hann er í frekar góðu álit 12
- Haf ekki skoðun á þessu 9
- Hann er í fremur slæmu álit 0
- Hann er í mjög slæmu álit 1



6. Hvernig er agi í skólanum? (0 point)

[More Details](#) Insights

- Mjög góður 1
- Frekar góður 9
- Semlegur 11
- Frekar slæmur 2
- Mjög slæmur 1



12. Er eitthvað í aöstöðunni sem þú vilt nefna að vanti?

13 Responses

| ID ↑ | Name | Responses |
|------|-----------|---|
| 1 | anonymous | Allt |
| 2 | anonymous | nei |
| 3 | anonymous | bæta við stofum, vantar nýjar tölver og ipada og internet tengingar lélegar |
| 4 | anonymous | Aukið "laust" rými fyrir t.d. fundi (þegar það er kennsla í stofum) eða þegar þarf að fara með hóp annað. Fleiri tengi tölvu/skjávarpi/tv. Fleiri tölver/ipada og tæknidöt. |
| 5 | anonymous | Betri aðstaða fyrir heimilisfræði kenslu og tækni mál og tæki. |
| 6 | anonymous | Fermetra og betri tækjabúnað |
| 7 | anonymous | Betri umgengni við tæki skólans, lausnir og fleiri tölver |
| 8 | anonymous | Fartölver, spjaldtölver, bluetooth hátalara í allar stofur, allar stofur hafi sinn staðal húsbúnað, ekki að kennarara þurfi að sanka að sér hirslum og fl. |
| 9 | anonymous | t.d. fleiri tölver |
| 10 | anonymous | Betri tækja/tölvukostur, skólalóðin, almennt meira pláss, námsver |
| 11 | anonymous | Fleiri ipada og tölver |
| 12 | anonymous | Upplýsingatæknitengdan búnað |
| 13 | anonymous | Stærra húsnaði fyrst og fremst. |

13. Hvernig finnst þér almennt að vinnuaðstæður þínar séu í skólanum? (0 point)

[More Details](#)

- | | |
|--------------------------|----|
| ● Mjög góðar | 2 |
| ● Frekar góðar | 12 |
| ● Hvorki góðar né slæmar | 8 |
| ● Frekar slæmar | 1 |
| ● Mjög slæmar | 1 |



14. Hversu ánaegð/ur ertu í starfi? (0 point)

[More Details](#)

Insights

- | | |
|--------------------|----|
| ● Mjög ánaegður | 12 |
| ● Frekar ánaegður | 10 |
| ● Hvorki né | 1 |
| ● Frekar óánaegður | 0 |
| ● Mjög óánaegður | 1 |



15. Er leitað eftir þínu álti og er það talið skipta mál? (0 point)

[More Details](#)


- | | |
|-------------------------|----|
| ● Mjög oft | 2 |
| ● Frekar oft | 14 |
| ● Hvorki oft né sjaldan | 6 |
| ● Frekar sjaldan | 1 |
| ● Mjög sjaldan | 1 |



16. Telurðu að viðhöfð séu lýðraeðisleg vinnubrögð? (0 point)

[More Details](#)

- | | |
|-------------------------|----|
| ● Að miklu leyti | 8 |
| ● Að frekar miklu leyti | 12 |
| ● Að litlu leyti | 2 |
| ● Að mjög litlu leyti | 0 |
| ● Vér ekki | 2 |



17. Telurðu að ábyrgð er dreift? (0 point)

[More Details](#)

- | | |
|-----------------------|----|
| ● Að miklu leyti | 3 |
| ● Að nokkuð leyti | 18 |
| ● Að litlu leyti | 1 |
| ● Að mjög litlu leyti | 0 |
| ● Vekk ekki | 2 |



18. Er rætt nögu oft við þig um frammiðstöðu þína í starfi? (0 point)

[More Details](#)

- | | |
|--|----|
| ● Já nögu oft | 4 |
| ● Já passlega oft | 14 |
| ● Nei ekki nægilega oft | 3 |
| ● Nei nánast aldrei en það trúfler ... | 2 |
| ● Nei nánast aldrei en það skiptir ... | 1 |



19. Getur þú leitað til einhvers á vinnustaðnum þegar upp koma vandamál í tengslum við starfið? (0 point)

[More Details](#)

- | | |
|-----------------|----|
| ● Oftast | 14 |
| ● Oft | 8 |
| ● Síðum | 1 |
| ● Sjaldan | 0 |
| ● Þastum aldrei | 1 |



20. Hversu tilbúin/n hefur þú verið til að fylgja stefnubreytingum sem átt hafa sér stað á undanföllum árum eða stefnt er að? (0 point)

[More Details](#)

[0 Insights](#)


- | | |
|-------------------------|----|
| ● Mjög tilbúin/n | 9 |
| ● Frekar tilbúin/n | 13 |
| ● Í meðallagi | 1 |
| ● Frekar líði tilbúin/n | 0 |
| ● Mjög líði tilbúin/n | 1 |



21. Hversu vel hefur þér verið gerð grein fyrir þínu hlutverki og starfssvið þitt skilgreint? (0 point)

[More Details](#)


- | | |
|----------------------------|----|
| ● Mjög vel | 7 |
| ● Frekar vel | 13 |
| ● Hvorki mikinn né líttinn | 2 |
| ● Frekar illa | 1 |
| ● Mjög illa | 1 |



22. Hversu mikinn þátt tekur allt starfsfólk skólans í skólastarfinu (kennarar, stuðningsfulltrúar, ritari, skólastíðar, stjórnendur o.s.frv.)? (0 point)

[More Details](#)


- | | |
|----------------------------|----|
| ● Mjög mikinn | 5 |
| ● Frekar mikinn | 15 |
| ● Hvorki mikinn né líttinn | 3 |
| ● Frekar líttinn | 0 |
| ● Mjög lítt | 1 |



23. Hvernig er samvinna kennara? (0 point)

[More Details](#)

- | | |
|------------------------|----|
| ● Mjög mikil | 4 |
| ● Frekar mikil | 18 |
| ● Hvorki mikil né lítl | 1 |
| ● Frekar lítl | 0 |
| ● Mjög lítl | 1 |



24. Telur þú að skipulag skólastarfsins bjóði upp á að nemendur geti haft áhrif á skipulagið á eigin námi? (0 point)

[More Details](#)

- | | |
|----------------|----|
| ● Mjög oft | 1 |
| ● Nokkuð oft | 13 |
| ● Stundum | 7 |
| ● Sjaldan | 2 |
| ● Mjög sjaldan | 1 |



25. Hvernig er foreldrasamstarfið við skólann? (0 point)

[More Details](#)

| | |
|----------------|----|
| ● Mjög gott | 0 |
| ● Frekar gott | 9 |
| ● Samlegt | 12 |
| ● Frekar ólæzt | 2 |
| ● Mjög ólæzt | 1 |



26. Hversu mikilvæg er virkni foreldra fyrir skólastarfið? (0 point)

[More Details](#)

| | |
|------------------------|----|
| ● Mjög mikil | 16 |
| ● Frekar mikil | 6 |
| ● Hverki mikil né illa | 1 |
| ● Frekar illa | 0 |
| ● Mjög illa | 1 |



27. Hvernig finnst þér stjórnendur standa sig í starfi? (0 point)

[More Details](#)

Insights

| | |
|----------------------|----|
| ● Mjög vel | 8 |
| ● Frekar vel | 13 |
| ● Hverki vel né illa | 2 |
| ● Frekar illa | 0 |
| ● Mjög illa | 1 |

